

Súrefni O₂



eldnærandi

Viðvörðun og leiðbeiningar

1. Olía, feiti, vaselín, silicone eða önnur eldfim og brennanleg efni mega ekki undir neinum kringumstæðum komast í samband við súrefni og má því ekki nota slík efni til að smyrja loka, tengingar eða annan búnað í súrefniskerfum.
2. Ekki má geyma feiti, olíu eða önnur eldfim efni í súrefnismiðstöðvum, birgðageymslum þeirra eða í nálægð kerfanna.
3. Reykingar og meðferð opins elds er bönnuð.
4. Tryggt skal að hendur, verkfæri, afþurrkunarklútar og klæðnaður séu algjörlega laus við olíu og feiti þegar unnið er við kerfin.
5. Eingöngu skal nota viðurkenndar pakkningar við súrefniskerfin t.d. á milli hylkisloka og þrýstiminnkara. Skaddaða pakkningu skal fjarlægja áður en ný er sett við. Rangt efni í pakkningum getur orsakað að í þeim verði sjálfsíkveikja frá súrefni, einnig getur orðið sjálfsíkveikja í tvöföldum pakkningum af völdum núningsviðnáms á milli þeirra.
6. Tryggt skal að lagnir, lokar og annar búnaður sé gerður til nota fyrir súrefniskerfi og rétt valinn fyrir viðkomandi þrýsting. Rangt efni í þessum búnaði getur m.a. orsakað að það verði ryðmyndun og tæring eða sjálfsíkveikja frá súrefni.
7. Við uppsetningu súrefniskerfa skal áður en samsetning fer fram öll olía og feiti þrífín af lögnum og öðrum hlutum kerfisins, nema tryggt sé að viðkomandi hlutir og búnaður komi fituhreinsaðir frá framleiðanda.
8. Mælst er til þess að tríklóretýlen verði ekki notuð við þessi þrif vegna mengunar og hugsanlegra skemmda sem það getur valdið á viðkvæmum búnaði eins og þindum (membrum) í lokum og stjórnþúnaði. Í stað þess verði þrifið með heitri blöndu af natríumkarbónaði (sóða) eða trínatríumfosfati. Styrkur: 0,5 kg í 10 l af hreinu vatni. Ljúka skal þrifum með því að skola alla hluti með hreinu vatni.
9. Uppsetning og viðhald kerfanna skal vera í höndum þeirra sem til þess hafa þekkingu.